

starfseminni á sínu safni. Bókasöfn snúast um meira en bækur og í Croydon koma fleiri í heimsókn en minna fengið að láni. Hún lagði áherslu á að það þyrfti að gefa út efni sem fólk vildi lesa og að við kynntum það sem við hefðum upp á að bjóða. Hún sagði frá mjög skemmtilegu verkefni sem kallast „BookSTART“ sem felur í sér samstarf milli bókasafna og heilbrigðisþjónustunnar. Þegar barn kemur í átta mánaða skoðun er því gefinn bókasafnspoki með bókum og bæklingum og það boðið velkomið á bókasafnið. Þetta hvetur börn og foreldra til að lesa saman og skoða bækur. Þetta verkefni hefur gengið mjög vel. Ríkisstjórnin borgar fyrir pokana en starfsfólk safnanna sér um að dreifa þeim til heilbrigðisþjónustunnar.

Eftir hádegisverð á Karólína Café og restaurant var hafist handa við „brainstorming“ (heilabyll) um styrkleika og veikleika íslenskra bókasafna út frá fjórum meginþáttum: Hefðbundnum safnkosti, stafrænum gögnum, húsnæði og búnaði og að lokum starfssviði bóka- varða. Niðurstöður voru meðal annars þessar:

Hefðbundinn safnkostur: Helsti veikleiki hefðbundins safnkosts er skortur á góðu framboði fræðibóka og endurútgáfum ásamt einhæfni í höfundavali. Það þarf að draga bækur fram í sviðsljósið. Það þarf stefnu í uppbyggingu safnkosts og nauðsynlegt er að söfnin setji sér slíka stefnu. Grisjun er einnig nauðsynlegur þáttur í því að koma í veg fyrir að safnkostur verði gamaldags. Minnkandi lestur er veikleiki en við getum komið í veg fyrir það með ýmsum leiðum, t.d. leshringjum og sumarlestri. Nýtt slagorð kom fram hjá þessum hóp: Líf er púl – lestur er kúl! *Stafræn gögn:* Stafræn gögn eru hluti af safnkosti framtíðarinnar og við verðum að hafa þekkingu til að geta nýtt okkur þennan safnkost og gera þarf ráð fyrir því að það tekur tíma fyrir starfsmenn að læra á tæknina og gögnin.

Húsnæði og búnaður: Það þarf að auka skilning stjórnvalda á mikilvægi bókasafna. Við þurfum talsmann til að tala fyrir hönd stofnana okkar gagnvart sveitarstjórnnum. Það vantar ekki eldmóð í starfsfólkið en við þurfum stuðning. Búnaður þarf að vera færlegur og fjöl-

breyttur og það þarf að vera hátt til lofta og vítt til veggja. Mikilvægt að fólki líði vel og vilji vera á söfnunum, ekki endilega til að fá bækur lánaðar heldur til að vera innan um þær.

Starfssvið bóka- varða: Starfið er skemmtilegt og eftirsóknarvert. Eftir því sem söfnin nútíma- og tæknivæðast meira því meiri verður fjölbreytileiki starfsins. Fólk virðist hugsa vel til bókasafnanna og hafa mikla tiltrú á þeim. Samt eru ákveðnir þættir innan safnanna sem mætti huga betur að og þar er t.d. þjónustulundin stórt atriði. Samvinna mætti vera meiri, félagslega er hún ágæt en vinnulega mætti hún vera meiri, t.d. samvinna innan ákveðins svæðis. Ímyndin var rædd fram og tilbaka, hún er nokkuð sterk og hefur eflst á undanförunum árum.

Chris Batt lauk síðan þessum hluta fundarins með umsögnum um niðurstöður hópanna.

Þar með var formlegri dagskrá vordundar lokið og Hólmkell þakkaði öllum fyrir komuna og fyrir fundinn og sleit fundi.

*Guðrún K. Jónsdóttir, Sigrún Ingimarsdóttir
Amtsbókasafninu á Akureyri.*

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf.

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. var haldinn 19. maí 2006 í Borgartúni 37 í Reykjavík.

Fram kom á fundinum að þau tíma- mót urðu í rekstri fyrirtækisins á síðasta rekstrarári að þá skilaði það hagnaði í fyrsta sinn í sögu sinni. Hagnaðurinn var að vísu lítill og þess má líka geta að gert er ráð fyrir tapi á árinu 2006 en fyrirsjáanlegt er að frá og með árinu 2007 batnar afkoman að nýju vegna lækkaðs hýsingarkostnaðar. Með nokkrum rétti má því segja að fyrirtækið sé komið á lygnan sjó hvað reksturinn varðar. Handbært fé Landskerfis bókasafna var í árslok 2005 36,5 milljónir króna, eignir eru metnar á 97,8 milljónir og eigið fé er 88,5 milljónir króna. Efnahagur fyrirtækisins er með öðrum orðum góður og getur það augljóslega staðið undir frekari fjárfestingum í þágu bókasafna þegar þess verður óskað.

Í skýrslu stjórnar og máli stjórnarformanns kom fram að stjórnin lítur svo á að innleiðingu Aleph 500 bókasafnskerfisins ljúki nú í sumar og að hún hyggist endurmeta rekstrarform og verkefni félagsins á haustmánuðum.

Hægt er að nálgast fundargerð fundarins og skýrslu stjórnar á vef Landskerfis bókasafna, smella á Fyrirtækið eða nota eftirfarandi slóð <http://www.landskerfi.is/sja.php?id=52>.

Árni Sigurjónsson
Landskerfi bókasafna

Aðalfundur Aleflis 2006

Aðalfundur *Aleflis* – *notendafélags Gegnis* var haldinn í Bókasafni Seltjarnarness 16. maí síðastliðinn. Fundinn sátu, í samræmi við lög Aleflis, fulltrúar stjórnunareininga í Gegni og mættu fulltrúar fyrir níu stjórnunareiningar á fundinn. Á dagskrá fundarins voru venjuleg aðalfundarstörf, formaður flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið júní 2005 til maí 2006, gjaldkeri skýrði reikninga og kosin var ný stjórn Aleflis.

Í stjórn Aleflis sátu þær Þórhildur S. Sigurðardóttir formaður, Anna Sveinsdóttir gjaldkeri, Pálína Magnúsdóttir meðstjórnandi og Halldóra Jónsdóttir varamaður. Nýja stjórn skipa þær Halldóra Jónsdóttir, Bókasafni Akraness, Andrea Jóhannsdóttir, Viðskiptaháskólanum á Bifröst, Áslaug Óttarsdóttir, Borgarbókasafni og Ólöf Benediktsdóttir, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum.

Undir liðnum önnur mál gáfu fulltrúar skýrslur um starfið í stjórnunareiningunum. Nokkrir höfðu skilað skriflegum skýrslum og má lesa þær á vef Aleflis. Glögglega kom fram að lítið fer fyrir formlegu samstarfi innan flestra eininganna og var lítillga rætt hvort tímabært væri að endurskoða fulltrúaskipulagið sem notendafélagið byggist á. Fundarmenn voru þó sammála um nauðsyn svona félags til að tryggja hagsmuni notenda og minnti Þórhildur á að stjórn Landskerfis væri mjög umhugað um að tryggja eðlilegt flæði upplýsinga milli stjórnar Landskerfis og Aleflis og hefur

meðal annars lagt til að haldnir verði sameiginlegir kynningar- eða stefnumótunarfundir um það bil tvisvar á ári.

Lesi má skýrslu stjórnar og fundargerð aðalfundarins á vef Aleflis, www.alefli.is og má í leiðinni benda á að inn á vefinn fara jafnharðan fundargerðir allra funda og glærur frá ráðstefnum. Þar er einnig að finna lög Aleflis, lista yfir fulltrúa stjórnunareininga, erindisbréf fyrir fulltrúana og margt fleira.

Þórhildur S. Sigurðardóttir

Notendaráðstefna Aleflis

Notendaráðstefna *Aleflis* – *notendafélags Gegnis* var haldin í Bókasafni Seltjarnarness 16. maí 2006, kl. 13:00 til 15:00.

Samkvæmt lögum Aleflis skal halda almenna notendaráðstefnu í tengslum við aðalfund notendafélagsins og var svo gert. Á ráðstefnunni voru flutt fimm erindi:

Tölfræðigögn og samstarf við Intrum:
Árni Sigurjónsson, framkvæmdastjóri
Landskerfis bókasafna

16. útgáfa bókasafnskerfisins:
Sigrún Hauksdóttir, forstöðumaður
kerfisþjónustu Landskerfis bókasafna

Efnisorð:
Ragna Steinarsdóttir, fagstjóri í Lands-
bókasafni Íslands - Háskólabókasafni

Tenglakerfið SFX:
Þóra Gylfadóttir, Miðstöð Evrópuupp-
lýsinga í Háskólanum í Reykjavík

Samstarf Borgarbókasafns, Bókasafns Seltjarnarness og Bókasafns Mosfellsbæjar:
Pálína Magnúsdóttir, forstöðumaður Bóka-
safns Seltjarnarness

Um 90 manns sóttu ráðstefnuna og var gerður góður rómur að framsöguerindum. Nokkrum spurningum ráðstefnugesta var svarað eftir hvert erindi. Í lok ráðstefnunnar voru veitingar í boði Landskerfis bókasafna. Jafnframt gafst ráðstefnugestum kostur á að kynna sér varning og þjónustu nokkurra fyrirtækja. Fyrirtækin voru Gagnatækni, Nýherji, Penninn-Eymundsson og Bóksala stúdenta.

Glærur fyrirlesaranna eru aðgengi-
legar á vef Aleflis, www.alefli.is

Þórhildur S. Sigurðardóttir